

5. fundur svæðisráðs rekstrarsvæðis 1, Norðursvæðis, í Vatnajökulshjóðgarði haldinn laugardaginn 26. apríl 2008 kl. 14:00.

Fundarstaður: Gljúfrastofa, Ásbyrgi.

Á fundinn mættu:

Rúnar Þórarinsson (RÞ) formaður frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson (BP) varaformaður frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir (FS) frá Þingeyjarsveit, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (IÁJ) frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson (IÞ) frá Samtökum útivistarfélaganna og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ) þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum sem ritaði fundargerð. Yngvi Ragnar Kristjánsson (YRK) frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands boðaði forföll. Þorkell Lindberg Þórarinsson forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands sat fundinn að hluta.

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Fundargerð síðasta svæðisráðsfundar, 19. mars s.l.

Fundargerð samþykkt með breytingum.

2. Verndaráætlun.

Þorkell Lindberg Þórarinsson sagði frá þeirri vinnu sem Náttúrustofan hefur komið að við gerð verndaráætlunar um Mývatn og svæðisskipulag Þeistareykjasvæðisins. Vilji er hjá svæðisráði að Náttúrustofan haldi utan um vinnu við verndaráætlun Norðursvæðis. Fram kom á fundinum að búið er að ganga frá samningi við Háskólasetrið á Höfn varðandi vinnu að verndaráætlun fyrir suðursvæði Vatnajökulshjóðgarðs og voru drög að þeim samningi lögð fram á fundinum. Á fundinum voru næstu skref í málinu ákveðin þessi:

1. Formanni og varaformanni falið að vinna málið áfram og ganga frá samningi við Náttúrustofu Norðausturlands.
2. Sömu aðilum falið að kanna stöðu verndaráætlunar varðandi skipulag og mat á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun.
3. Stýrihópur. Á meðan vinna við verndaráætlun stendur yfir mun svæðisráðið funda mánaðarlega. Í upphafi hvers fundar verði farið yfir framvindu verksins ásamt starfsmanni Náttúrustofunnar, þjóðgarðsverði og fulltrúa landeiganda sem óskað yrði eftir að verði skipaður vegna vinnunar. Aðrir starfsmenn þjóðgarðs kallaðir til ef þurfa þykir.
4. Náttúrustofa Norðausturlands og þjóðgarðsvörður vinni verkáætlun fyrir verkefnið og drög að henni verði tilbúin fyrir næsta svæðisráðsfund sem áætlaður er 20. maí n.k. Þar verði m.a. gert ráð fyrir öflugum samráði frá upphafi vinnunar.
5. Sömu aðilar og í lið 4 vinni einnig drög að viðhorfskönnun meðal gesta svæðisins, vegna vinnu við verndaráætlun, og verði þau drög einnig tilbúin 20. maí n.k.
6. Svæðisráðið noti sumarið til að fara um svæðið með þjóðgarðsverði og starfsmanni Náttúrustofunnar. Skipuleggja þarf ferðir með góðum fyrirvara.

Þorkell Lindberg fór af fundi.

3. Yfirlit frá síðasta stjórnarfundum.

BP gerði grein fyrir því helsta sem tekið var fyrir á síðasta stjórnarfundum sem var í byrjun apríl s.l. Þar var m.a. fjallað um stöðu samninga við landeigendur en ekki er búið að gera neina samninga ennþá, um reglugerðina sem hefur tekið nokkrum breytingum síðan þá, um stofndag

Þjóðgarðsins sem er enn áætlaður í byrjun júní, um drög að dagskrá kynningarfundar sem búið er að tímasetja 20. maí fyrir Norðursvæðið og Bööðvar sagði frá erindi og skýrslu sem Kristveig Sigurðardóttir kynnti á fundinum. Nokkur umræða var um kynningarfundinn og tímasetningu hans, sem mönnum þykir ekki mjög góð. Einnig væri æskilegra að fundurinn yrði í Ýdölum, frekar en í Mývatnssveit.

4. Reglugerð þjóðgarðsins.

Nýjustu drög, dags. 17. apríl 2008, af reglugerð fyrir þjóðgarðinn voru til umfjöllunar en svæðisráðið þarf að senda reglugerðina út til hagsmunaaðila á svæðinu og óska eftir athugasemdum sem berast þurfu LEX lögmannsstofu fyrir 20. maí n.k. Næstu skref voru ákveðin þessi:

1. Formaður og þjóðgarðsvörður taki að sér að semja bréf og senda ásamt drögum að reglugerð til landeiganda, sveitastjórna, ferðafélaga og umhverfisverndarsamtaka fyrir 2. maí n.k. Einnig að koma auglýsingu um reglugerðina og frest til að skila inn athugasemdum, inn á heimasíður sveitarfélaganna og í svæðisbundin auglýsingablöð.
2. Formaður fái lista yfir landeigendur frá Umhverfissráðuneyti.
3. IP og IÁJ sendi formanni lista yfir ferðafélög, útivistarsamtök og umhverfisverndarsamtök á svæðinu.
4. Svæðisráðið sendi á milli sín póst varðandi reglugerðina og athugasemdir sem það hefur fram að færa varðandi hana.

5. Önnur mál.

Svæðisráð ákvað að stefna á næsta fund þann 20. maí n.k., fyrir kynningarfund um Vatnajökulspjóðgarð. Nákvæm tímasetning ákveðin síðar. Á þeim fundi þarf m.a. að ræða hugmyndir að dagskrá fyrir formlega opnun þjóðgarðsins á hverju svæði og voru fundarmenn beðnir um að upphugsa eitthvað í því sambandi fyrir fundinn þann 20. maí.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir